

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 1200/2019, um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands.

1. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. reglnanna bætist nýr töluliður, sem verður 9. tölul., svohljóðandi:

9. Skuldabréf í íslenskum krónum gefin út af alþjóðlegum fjármálastofnunum sem Ísland á aðild að (e. International financial institution, IFI) og sem njóta fullnægjandi eigendaábyrgðar og láns hæfis að mati Seðlabankans.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 1. mgr. 19. gr. og 2. mgr. 46. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, taka þegar gildi.

Seðlabanka Íslands, 13. nóvember 2025.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 14. nóvember 2025